

Skólaráðsfundur

26. maí 2020 kl. 16:10

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Dagbjört Hjartardóttir, Eygló Bára Jónsdóttir, Silja Sigurðardóttir, Ingibjörg K. Kristjánsdóttir og Marianna Sigurbjargardóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Skóladagatal 2020 - 2021
2. Skólareglur
3. Okkar áherslur í framhaldi af skólaþingi
4. COVID
5. Skólaslit
6. Innra mat
7. Næsta skólaár
8. Önnur mál

1. Skóladagatal 2020 – 2021

Skóladagatalið lagt fram og samþykkt. Áður hafði það verið samþykkt í fræðsluráði og á starfsmannafundi í GSnb.

2. Skólareglur

Skólastjóri fór yfir endurskoðun á skólareglunum sem eru í vinnslu og verða kláraðar á næsta skólaári.

3. Okkar áherslur í framhaldi af skólaþingi

- **Hvernig getum við mætt „erfiðum nemendum í almennri kennslu“?**
 - Ágústráðstefna Skólaþróun 2020: Öll börnin okkar: Hvernig komum við til móts við fjölbreyttan nemendahóp? Starfsfólk hvatt til að fara, hluti af undirbúningi.
 - Framhald: Nauðung í skólastarfi grunnskóla – viðmið um beitingu nauðungar í skólastarfi; fræðsla og gerð verkferla og leiðsagnarviðmiða; notendasamráð við aðila skólasamfélagsins!
 - Örráðstefna/námskeiðaröð hvernig við getum komið betur til móts við fjölbreyttan nemendahóp okkar - byggja á mannauðnum okkar
- **Endurmenntun heima í héraði**
- **Hlutverk stjórnenda í að skapa jákvætt starfsumhverfi**
 - Vinna vel með STAGS - a.m.k einn viðburður í mánuði
 - Greiður aðgangur að stjórnendum
 - „Stofugangur“
 - Leggja fyrir könnun - fá hugmyndir

4. COVID

Skólastjóri stoltur yfir hve skólastarfið gekk vel á tímum Covid. 17 teymi/ kennsluhópar voru og 17 kaffistofur fyrir starfsfólk. Nemendur fengu ca. 26 – 30 kennslutíma á viku.



covid.is

Samfélagssáttmáli

- í okkar höndum

Tryggjum góðan árangur áfram og gerum samfélagssáttmála. Sáttmála sem gildir í vor og sumar og við munum öll virða.

- ▶ Þvóm okkur um hendur
- ▶ Sprittum hendur
- ▶ Munum 2 metra fjarlægð
- ▶ Sóttreinum sameiginlega snertifleti
- ▶ Verndum viðkvæma hópa
- ▶ Hringjum í heilsugæsluna ef við fáum einkenni
- ▶ Tökum áfram sýni
- ▶ Virðum sóttkví
- ▶ Virðum einangrun
- ▶ Veitum áfram góða þjónustu
- ▶ Miðlum traustum upplýsingum
- ▶ Verum skilningsrík, tillitssöm, kurteis og styðjum hvert annað

Við erum öll almannavarnir - og verðum það áfram

Embætti
landlæknis
Directorate of Health

5. Skólaslit

- Útskrift 10. bekkjar verður í Klifi fimmtudaginn 4. júní kl. 18:00. Nemendur norðan Heiðar.
- 1.-9. bekkur, ratleikur, grill og afhending einkunna 5. júní.
- Hefðbundin skólaslit verða í Lýsuhólsskóla 5. júní.

6. Innra mat



Samantekt					
Viðfangsefni	16-17	17-18	18-19	19-20	Mt
1. Nám og kennsla:					3,8
1.1 Inntak, árangur og framfarir	4	4,2	4,1		4,1
1.2 Skipulag náms og námsumhverfi	3,4	3,5	3,9		3,6
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu		3,2	3,7		3,5
1.4 Náms hættir og námsvitund		3,2			3,2
1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda				4,4	4,4
1.6 Skóli án aðgreiningar				3,9	3,9
2. Mannauður:					4,0
2.1 Fagmennska starfsfólks			4		4
2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	4	4,1			4,1
3. Stjórnun og skipulag:					4,2
3.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi				4	4
3.2 Stjórnun skólans			4,5		4,5
3.3 Faglegt samstarf	4	3,9			4,0
3.4 Skólaþróun og starfsþróun			4,1		4,1
3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	4,7	3,7	4,5		4,3
4. Skólabragur:					4,6
4.1 Viðmót og menning			4,5		4,5
4.2 Velferð og líðan nemenda	4,9	4,2	4		4,4
4.3 Samstarf heimila og skóla			4,7		4,7
5. Innra mat					4,1
5.1 Framkvæmd innra mats		3,2		3,8	3,5
5.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats		4,6		4,8	4,7
6. Innra mat					
6.1 Samantekt og mat hvernig til hefur tekist með þetta líkan					
	6	10	10	6	

7. Næsta skólaár

- Erum að vinna í skipulagi næsta skólaárs. Viljum að það fari ekki í „loftið“, allt getur breyst – því miður.
- Íþróttakennsla í 1.-4. bekk verður í Ólafsvík og hefst kl. 08:20.
- Skólahúsnæðin opna kl. 8:00
- Umsóknarfrestur um lausar kennarastöður rennur út um helgina.

8. Önnur mál

Skólastjóri þakkaði fyrir samstarfið á þessu skólaári.

Fleira ekki rétt.

Fundi slitið kl. 16:48

Elfa E. Ármannsdóttir,
fundarritari